

Umræðuskjal fyrir vinnu í málstofu um
Velferðar- og vinnumarkaðsmál

MÁLEFNI, ALDRAÐRA, ÖRYRKJA OG FATLAÐRA

Hvað höfum við sagt áður?

Frá auka-árfundi í mars 2009

Lífeyris- og veikindaréttarmál

- Tryggja verður að áhrif bankahrunsins á lífeyrisréttindi í samtryggingarsjóðum leggist með jöfnum hætti á alla launamenn, en verði ekki borin eingöngu af sjóðsfélögum á almennum vinnumarkaði.
- Standa þarf vörð um lágmarkstekjuviðmið almannatrygginga, en jafnframt verður að koma í veg fyrir óhóflegar tekjutengingar sem draga úr hvata til þátttöku í almenna lífeyriskerfinu.
- Unnið verði að breytingum á veikinda-, slysa- og örorkubótarétti í þeim tilgangi;
 - Að treysta og auka lífsgæði þeirra sem missa starfsorkuna vegna veikinda og slysa.
 - Að tryggja skýrari og samfelldari réttindi launafólks hjá einum aðila með því að ávinnsla veikinda- og slysaréttar verði í ríkari mæli byggð á réttindum í sjúkrasjóði í stað ávinnslu hjá atvinnurekanda.
 - Að viðhalda og efla hlutverk sjúkrasjóðanna og treysta þannig tengsl félagsmanna við sitt stéttarfélag.
- Alþýðusambandið leggur áherslu á að breytingar á skaðabótalögum nái fram að ganga, þannig að tryggt sé að öllum frádrætti bóta Tryggingastofnunar og lífeyrissjóða verði hætt.

Frá ársfundi í október 2009

Ársfundur ASÍ telur að tekjutenging örorku- og ellilífeyris milli almannatrygginga og lífeyrissjóða sé komin langt út fyrir velsæmismörk og leggur áherslu á að komið verð í veg fyrir víxlverkun slíkra tekjutenginga milli þessara kerfa. Fundurinn telur það forgangsverkefni að tryggja launafólki sem nýtur afkomutryggingar velferðarkerfisins, örugga og fyrirsjáanlega afkomu.

Fyrirhugað er að endurskoða kjarasamning ASÍ og SA um lífeyrismál og telur fundurinn mikilvægt að í þeirri vinnu verði þessar tekjutengingar endurskoðaðar á þann hátt að almannatryggingar og lífeyrissjóðakerfið vinni betur saman. Er það forgangsverkefni að taka upp sérstakt frítekjumark vegna greiðslna úr lífeyrissjóðum.

Úr stefnumótun ASÍ í lífeyrismálum 2010

Brýnt er að bæta til muna **samspil milli almannatrygginga og lífeyrissjóðanna**, einfalda kerfið og auka gagnsæi. Tryggt þarf að samspil þessara kerfa sé með þeim hætti að launafólk hafi raunverulega bættan hag af því á efri árum að greiða iðgjöld til samtryggingarsjóða á starfsævinni. Þetta verður best gert með því að hækka frítekjumörk vegna lífeyrissjóðstekna í almannatryggingakerfinu.

Úr ályktun miðstjórnar ASÍ frá 16.6.2010

Verjum grunnstoðir velferðarkerfisins og kjör lágtekjuhópa

Úr fjármálaráðaneytinu hafa borist þau skilaboð að til standi að frysta elli- og örorkulífeyri þriðja árið í röð. Þeirri leið hafnar miðstjórn Alþýðusamband Íslands alfarið. Elli- og örorkulífeyrisþegar eru margir hverjir meðal þeirra sem höllustum fæti standa í þjóðfélaginu og lífeyrir frá almannatryggingum er veigamikill hluti lífeyrisréttinda launafólks á almennum vinnumarkaði. Það verður aldrei samþykkt að ráðist verði að þeim hópi með þessum hætti, á sama tíma og opinberir starfsmenn búa við ríkistryggð lífeyrisréttindi.

Staðan í dag

- Samkvæmt fjárlögum 2011 verða grunnfjárhæðir bóta almannatrygginga frystar þriðja árið í röð.
- Flytja á málefni fatlaðra frá ríki til sveitarfélag um áramótin. Tryggja þarf að öll sveitarfélög hafi getu til að veita nauðsynlega þjónustu.